



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 163

Sigurjón Árni Ólafsson

(1884 – 1954)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 163

Sigurjón Á. Ólafsson
formaður Sjómannafélags Reykjavíkur 1920 - 1951

Sigurjón Árne Ólafsson er fæddur að Hvallátrum, Rauðasandshreppi, V. – Barðastrandarsýslu, 29. október 1884; hann lést 15. apríl 1954. Foreldrar hans voru Ólafur Jónsson bóndi í Króki á Rauðasandi og kona hans Guðbjörg Árnadóttir, húsfreyja.

Kona Sigurjóns var Guðlaug Gísladóttir fædd 26. september 1892, dáið 5. nóvember 1951. Börn þeirra voru: Þórarinn Gísli, fæddur 1913, Guðbjörg, fædd 1915, Marta Elísabet, fædd 1917, Guðlaug, fædd 1921, Baldur, fæddur 1922, Marta Elísabet, fædd 1923, Sigríður, fædd 1924, Ólafur, fæddur 1926, Jóhanna, fædd 1927, Guðmundur, fæddur 1928, Örn, fæddur 1930 og Atli, fæddur 1932.

Sigurjón var á sjó fyrir vestan á opnum bátum. Hann fór fyrst á sjó sem unglingur. Í fyrsta túrnum dró hann 13 steinbíta og varð talan 13 happatala hans. Hann eignaðist 13 börn, sem bjuggu á 13 stöðum.

Sigurjón var tvo vetur í Stýrimannaskólann og lauk stýrimannaprófi árið 1906. Hann var háseti og stýrimaður í siglingum og fiskiveiðum 1900 - 1917. Skipsstjóri var hann 1918 - 1919. Hann var afgreiðslumaður Alþýðublaðsins í Reykjavík 1919 - 1927 og afgreiðslumaður og verkstjóri hjá Skipaútgerð Ríkisins 1930 - 1942.

Alþingismaður Reykvíkinga varð Sigurjón 1927 - 1931 og 1934 - 1937, landskjörinn alþingismaður 1937 - 1942 og 1946 - 1949. Hann beitti sér fyrir því að Stýrimannaskólinn var reistur og einnig Hrafnista.

Sigurjón var formaður Sjómannafélags Reykjavíkur 1920 - 1951. Hann var í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur frá 1930. Hann starfaði í ýmsum nefndum og þá mest tengdum sjó, sjómönnum og atvinnumálum. Hann var yfirskoðunarmaður ríkisreikninga 1938 - 1943 og 1947 – 1954 og skipaður í félagsdóm árið 1938. Hann var forseti Alþýðusambands Íslands 1940 - 1942. Hann sat í lánveitinganefnd síldarútvegsmanna 1945. Hann sat í orðunefnd frá 1947 og til æviloka. Hann var einnig í sölunefnd varnarliðseigna.

Margar myndir birtust af honum í Speglinum, t.d. þegar hann átti heima á Hverfisgötu 44. Börnin hans voru þá stundum kölluð Bolsabörnin.

Skjalasafnið var afhent Borgarskjalasafni af Baldi Sigurjónssyni 19. ágúst 1999.

Skjalaskrá

Askja 1

Heiðursskjöl:

Ávarp til herra Sigurjóns Á. Ólafssonar frá meðlimum Sjómannafélags Reykjavíkur í tilefni af 25. ára formannsstarfi, 29. október 1944.

Sigurjón Á. Ólafsson fertugur 29. október 1944, frá Slysavarnarfélagi Íslands

Sigurjón Á. Ólafsson 1884 - 29. október 1944, kveðja frá sjómönnum á hafi úti og í landi.

Heiðursfélagi Slysavarnarfélags Íslands. Sigurjón Á. Ólafsson alþingismaður, 10. apríl 1948.

Sigurjón Á. Ólafsson. Heiðursfélagi Sjómannafélags Reykjavíkur, 2. febrúar 1951.

Móðurætt mín - föðurætt hennar.

Tveir listar yfir skip, skrifað upp af Sigurjóni.

Einn skömmtnarseðill frá 1951 á nafni Guðlaugar Gísladóttur.

Stofnauki nr. 2 1945, frá Skömmtnarskrifstofu ríkisins.

Slysavarnarfélag Íslands. Björgunarafrekið við Látrabjarg.

Kom 2000:

Gjafabréf barna Sigurjóns til Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Upplýsingar um Gísla Magnússon og Þórunni Benjamínsdóttur.

Ættartala Sigurjóns.

Ljóð um Sigurjón eftir Aðalstein Halldórsson.

Skrá yfir börn Stefáns Baldvinssonar og Ólafíu Ólafsdóttur.

Fæðingar- og dánardagar Önnu Soffíu, Jóns Á., Helgu og Kristínar Thoroddsen.

Æviatriði Gísla Magnússonar, skráð af Hólmgæiri Þorsteinssyni 1963.

Minningarorð um Helga Samúelsson, f. 6.10.1893, d. 7.5.1896.

Lyfseðill frá 1943 upp á appelsínur.

Gleraugnatilvísun frá 1943.

Fjögur bréfspjöld.

Sálmaskrár:

Minningarathöfn um skipshöfnina á B.V. Max Pemberton sem fórst 11. janúar 1944.

Guðlaug Gísladóttir, f. 26.9.1892, d. 5.11.1951.

Marta Elísabet Sigurjónsdóttir, f. 19.10.1916, d. 19.3.1923.

Guðlaug Jónsdóttir, f. 12. 5.1881, d. 21.4.1943.

Gísli Magnússon, f. 2.12.1863, d. 12.3.1940.

Magnús Benjamínsson, f. 6.2.1853, d. 2.3.1942.

Ýmsar blaðaúrklippur, mest minningargreinar og efni tengt Sigurjóni og sjómönnum.

Prentað mál:

Edvard Knudzen: *Óðalsbændurnir*. Akureyri 1906.

Vald. V. Snævarr: *Helgist þitt nafn, söngvar andlegs efnis*. Reykjavík MCMXXII.

Þorkell og Sigríður. *Norsk sveitalífsaga*. Hafnarfirði 1908.

Kort af Reykjavík og Seltjarnarnesi frá 1947.

Skráð Sigríður H. Jörundsdóttir og Ragnhildur Bragadóttir